

Nd.

524. Nefndarálit

um frv. til l. um breytingar á l. nr. 92 19. júní 1933, um lögreglumenn.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og borið það saman við gildandi lög um þetta efni. Telur nefndin þessa aukningu á ákvæðum laga um lögreglu til bóta, enda nauðsynlegt, að jafnan sé öruggt, að ríkisvaldinu og borgurunum sé búin hin fyllsta vernd. Nefndin leggur því til, að frv. sé samþykkt óbreytt.

Alþingi, 19. des. 1939.

Bergur Jónsson,	Thor Thors,	Vilm. Jónsson,
form.	frsm.	fundaskr.
Garðar Þorsteinsson.	Sveinbjörn Högnason.	